sem á sér stað fyrir sköpun verka sinna. Með vissum blæbrigðum fjallar hugtakið um hina eilífu togstreitu milli minninga og gleymsku, og jafnframt val og tilviljun á því sviði; það sem situr eftir hefur farið í gegnum margháttaðar síur, en örlítil sjónræn tilvísun getur samt dugað til að endurskapa heilan heim og miklar atburðarásir í huga þess sem nemur hana.

Ögrun slíkrar sýningar fyrir hinn almenna sýningargest felst í því hvort hann nær að mynda tengsl við þessar tilvísanir listamannsins; eru þær svo sértækar, að hann einn fær notið þeirra, eða nægilega margræðar til að þær nái að kveikja hughrif persónulegra minninga hjá hverjum áhorfanda fyrir sig? Það hlýtur að vera hin viðvarandi spurning í huga listamannsins í starfi hans.


Í salnum hefur Daníel komið fyrir sex verkum, sem eru í sjálfum sér lítillætið uppmálað, bera jafnvel vott um feimni í þessum stóra sal; þetta eru einfaldar, samhverfar línuteikningar á gráan pappa, eða uppsetningar úr fáfengilegum efnum, m.a. gardínuvírum og grámóskulegum svart-hvítum ljósmyndum. Við nánari skoðun koma hins vegar í ljós ýmis blæbrigði, sem efla verkin; engir tveir rammar eru eins litaðir, það er ákveðin spenna í sumum verkanna milli rammans og annarra hluta verksins og á einum stað er dulúðin tryggð með því að setja hluta verksins nokkru hærra en sjónsvið meðaljónsins nær. Titlar verkanna eru virkur hluti þeirra og brjóta að mestu niður þá alvöru, sem umhverfið býður upp á, eins og sést í „Angurværð“ (nr. 2) og „Samtal um skipasmíði“ (nr. 5), þar sem stutt er í kímnina.

Sú „hugsanaveðrun“ sem er bakgrunnur einstakra verka er afar persónuleg og árangurinn er ljóðræn útfærsla lifandi hugmyndalistar. Tilvísun í myndsköpun Hreins Friðfinnssonar eru nærtæk, þar sem stutt er síðan haldin var ágæt yfirlitssýning yfir verk hans, en í henni felst ekki að Daníel leiti til eldri listamanna um fyrirmyndir; á sama hátt og hjá Hreini er hér um að ræða afar persónulega myndsköpun, sem byggir fyrst og fremst á viðhorfum listamannsins til umhverfisins og hvernig hann telur sig best ná að nýta það í sinni myndlist.

Sýningin á verkum Daníels Magnússonar í austursal Kjarvalsstaða stendur til sunnudagsins 12. septembér.

Thor Barðdal

Því hefur verið haldið fram, að höggmyndalistin sé að verða ein öflugasta grein myndlistar hér á landi, og er þá einkum vísað til fjölbreytts sýningarhalds á þessum vettvangi undanfarin ár. Síðustu vikur hafa staðið yfir og skarast í tíma nokkrar höggmyndasýningar, þar sem finna má staðfestingu þessa; listamenn hafa hver um sig tekist á við sjálfstæða myndgerð, og valið til þess afar ólíkan efnivið, allt frá vaxi, gúmmí, járni, og bílahlutum til hraungrýtis og marmara. Á þessu sviði vinnur því hver listamaður eftir sínu höfði, og notar til þess þau efni, sem hann telur henta sinni myndgerð best.



Thor Barðdal: Hringrás.

Í miðrými Listhússins í Laugardal stendur nú sýning á níu höggmyndum Thors Barðdal, en hann hefur undanfarin ár vakið nokkra athygli fyrir fágaða myndgerð í hið klassíska efni, marmara. Thor sýndi síðast á Kjarvalsstöðum fyrir tæpu ári, og má segja að viðfangsefni hans þar fjölluðu fyrst og fremst um huglæg tengsl, hlutgerð hugtaka og fágaða ímynd þeirra. Hér heldur Thor áfram á sömu braut, og gengur jafnvel skrefinu lengra í að finna abstrakt ímynd fyrir það sem ekki verður tjáð endanlega með orðum, eins og titlar verkanna bera vitni um; jafnvel hið raunverulega verður hér huglægt tákn fyrir langanir og vonir, eins og verkið „Snæfellsjökull“ (nr. 5) ber með sér.

Marmarinn hentar vel í verk af þessu tagi, vegna þeirra sögulegu tilvísana sem hann ber með sér til fyrri tíma, hvort sem um er að ræða fornsögulega tíma, listasögu eða stórvirki trúarlegrar listar, þar sem marmarinn er ávallt helsti efniviðurinn. Brancusi notaði efnið á svipaðan hátt fyrr á öldinni, og fleiri hafa fetað í þá slóð.


Thor nær í verkum sínum að tengja vel saman notkun mismunandi litbrigða efnisins, fágaða úrvinnslu og táknræn gildi formana, þannig að áhorfandinn á auðvelt með að skynja þann styrk eða þá viðkvæmni, sem býr að baki verkunum. Verk eins og „Hringrás“ (nr. 8) og „Flæði“ (nr. 3) sýna þetta á einfaldan hátt, þar sem hvítur marmarinn er höggvinn og pússaður, þannig að aflið skín út úr hinu fyrrnefnda, en frelsi andartaksins úr því síðara. Þessi fágun og myndgerð hugsunarinnar er aðall þeirra vinnubragða, sem listamaðurinn leggur mesta áherslu á.

Hins vegar hvílir ákveðin dulúð og kraftur yfir verkum eins og „Moon Force“ (nr. 1) og „Snæfellsjökull“ (nr. 5), en í síðarnefnda verkinu verður jökullinn í heild að rismiklu tákni, og nær gegnsæ egg skálarinnar efst á jöklinum er afar virkur hluti þess.

Fágunin getur hins vegar átt sér máttlausari hlið, þar sem kraftur og spenna eru horfin á kostnað hvíldar, kyrrstöðu og skreytni. Bilið þarna á milli er örmjótt, og undir áhorfanda komið hvorum megin hann telur einstök verk lenda; t.d. telur undirritaður að skreytigildi „Faraó“ (nr. 7) fari nálægt því að yfirgnæfa hin táknrænu gildi fornmanna, sem þarna eru óneitanlega til staðar.

Thor hefur með sýningum sínum greinilega haslað sér völl á sviði höggmyndarinnar, og sérstaða marmarans í nútímaverkum er mikil. Hann leggur mesta áherslu á mýkt formanna og fágun efnisins í flestum verka sinna, og á stundum er spurning, hvort grófari vinnsla hefði ef til vill ekki skilað jafngóðum eða betri árangri; marmarinn hefur ótrúlega aðlögunarmöguleika, sem væri full ástæða fyrir listamanninn að kanna nánar í framtíðinni.

Sýningu Thors Barðdal í miðrými Listhússins í Laugardal lýkur sunnudaginn 12. september, og eru listunnendur hvattir til að líta við.



Frá æfingu í Langholtskirkju

ÓPERAN Orfeo

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Líklega var sáð til meiri breytinga á sviði tónlistar með tilkomu óperunnar, rétt fyrir aldamótin 1600, en í nokkurn annan tíma. Það var ekki aðeins um að ræða að tónsetja leikrit, heldur varð hljómsveitin öflugt túlkunartæki og nýr tónstíll og tónform blómstruðu þar.

Orfeo, eftir Monteverdi, er oft kölluð fyrsta óperan en söngvararnir Jacopo Peri og Guilio Caccini höfðu tónsett fjögur leikrit og þar á meðal hvor sína gerð af Orfeosögunni. Markmið þeirra var að endurvekja Gríska harmleikinn. Þeir sem einnig tóku þátt í þessu, voru tónskáldið Vincenzo Galilei (faðir stjörnufræðingsins Galileo), skáldið Ottavio Rinuccini og lærdómsmaðurinn Giolamo Mei, sem taldi að Grikkir hefðu tónað leiktextann, þ.e. sungið og dansað (Kór) leikritið.

Leiktextinn var upphaflega fluttur með tónlesaðferðinni og það var í raun ekki fyrr en næstu kynslóð á eftir Monteverdi, að arían verður til. Milliþættir fyrir hljómsveit, sem ýmist voru kallaðir ritornello eða sinfonia, voru notaðir til að skapa mótvægi við tilbreytingarleysi tónlesins og auk þess notaði Monteverdi kóra og tvísöngsatriði, til að lífga upp á verkið. Að öðru leyti var framsetning textans sérlega yfirveguð og jafnvel köld og leikgerðin öll mjög kyrrstæð.

Það að flytja Orefo, eftir Monteverdi, verður að teljast merkur viðburður, bæði frá sögulegu sjónarmiði fyrir okkur Íslendinga og einnig, að mjög vel tókst til varðandi alla útfærslu verksins. Hljómsveitarstjórinn, Gunnsteinn Ólafsson, hefur sannað hæfni sína, með því að safna saman fólki og stefna því til átaka við viðfangsefni, sem annars hefði legið ósunnið. Hann stjórnaði verkinu af öryggi og líklegt er, að í Gunnsteini megum við Íslendingar eiga von í góðum hljómsveitarstjóra.


Þeir sem tóku þátt í flutningnum voru Bachsveitin í Skálholti, Hljómeyki og Voces Thules, sjö manna þýsk lúðrasveit, Cornetti con crema og undirleikssveit, sem var bæði mönnuð íslenskum og erlendum strengjasláttumönnum. Átján einsöngshlutverk, voru flutt af 11 söngvurum, öllum íslenskum utan eins, Hans Jörg Mammel, er söng hlutverk Orfeusar. Mammel er mjög góður söngvari og flutti þetta erfiða söngverk með glæsibrag.

Aðrir sem vöktu athygli fyrir góðan söng voru Rannveig Sif Sigurðardóttir í tveimur hlutverkum, sem tónlistargyðjan og Próserpína, eiginkona Plutons undirheimakonungs, Þórunn Guðmundsdóttir í hlutverki sendiboða, Ragnar Davíðsson í hlutverki Apollo og bassasöngvararnir Magnús Torfason (Karon) og Tómas Tómasson (Pluton) en báðir sungu svolítið burt frá hlutverkunum og stíl verksins en eru stórefnilegir söngvarar, sem fellur trúlega betur að fást við dramatísk hlutverk.

Erna Guðmundsdóttir söng mjög fallega „dísarsönginn“, Margrét Óðinsdóttir fór smekklega með hlutverk Evridísar og Anna Sigríður Helgadóttir var góð í hlutverki vonarinnar. Guðlaugur Viktorsson, Sverrir Guðjónsson og Ragnar Davíðsson, úr Voces Thules, sungu fjárhirða og anda úr undirheimum, en sum samsöngsatriði fjárhirðanna eru meðal þess besta í verkinu og mæddi þar einna mest á Guðlaugi, sem ásamt félögum sínum söng mjög vel, en einn félagi hans var Einar Clausen, ungur og efnilegur söngnemi.

Allir sem tóku þátt í þessum eftirminnilegum tónflutningi léku og sungu vel en mesta nýnæmið var þó að heyra í lútuflokknum, lúðrasveitinni og regal-orgelinu, sem notað var til að magna undirheimastemmninguna í fjórða þætti. Gunnsteinn Ólafsson er að stíga sín fyrstu spor sem hljómsveitarstjóri og fer vel af stað. Hér hefur hann stefnt saman ólíkum hópum, bæði íslensku og erlendu tónlistarfólki og það er einmitt einn af eiginleikum góðs hljómsveitarstjóra, að laða til sín fólk og takast að stýra því til samvirkra listrænna átaka, eins og t.d. að flytja óperuna Orfeo, eftir Monteverdi.

Óperan verður flutt aftur í Langholtskirkju í kvöld, laugardag, klukkan 20.30



Kristbergur Ó. Pétursson

mjúka stígandi. Lífrænastar þóttu mér myndirnar 20-25, sem búa yfir mun fjölþættari tilbrigðum en hinar.

Kolteikningarnar eru formrænt í svipuðum dúr og málverkin en maður saknar hinnar litrænu hrynjandi, sem grátónarnir ná ekki að bæta upp að fullu.

Það eru önnur gildi sem ráða í myndum Kristbergs en fólk er vant á sýningum og þær láta lítið yfir sér, en í þeim er tvímælalaust eitthvað sem er í ætt við innri lífæðar myndflatarins.

Þetta eru fyrst og fremst myndverk og ekkert umfram það.

MENNING/LISTIR

Í NÆSTU VIKU

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir
Louisa Matthíasd. og Daníel Magnússon. Sýningunum lýkur á morgun.
Listasafn Íslands
Verk úr eigu safnsins og Markúsar H. Ívarssonar.
Norræna húsið
Margrét Jónsdóttir sýnir til 19. sept.
Nýlistasafnið
Ragnhildur Stefánsdótir og Situationistasýning lýkur á morgun.
Safn Ásgríms Jónssonar
Vatnslitamyndir til febr.loka.
Gallerí 11
Kaisu Koivisto sýnir til 14. sept.
Listasalurinn Portið
Pétur G. Svavarsson. Sýningunni lýkur á morgun.
Gallerí Sævars Karls
Stefán Geir Karlsson sýnir til 22. sept.
Hulduhólar
Arngunnur Ýr. Sýningunni lýkur á morgun.
Hafnarborg
Kristbergur Ó. Pétursson og Níels Árnason sýna til 13. sept.
Götugrillið
Húbert Nói sýnir til 20. sept.
SPRON Álfabakka
Ingiberg Magnússon sýnir til 19. nóv.
Gallerí Úmbra
Laszek Golínski og Maiej Deja sýna til 22. sept.
Mokka
Ljóðasýning 5 skálda lýkur á morgun.
Stöðlakot
Jón Reykdal sýnir til 19. sept.
Gallerí Sólon Íslandus
Þorfinnur Sigurgeirsson sýnir til 15. sept.
Önnur hæð
Roni Horn sýnir út okt.mán.
Listhúsið Laugardal
Thor Barðdal, Skarphéðinn Haraldsson, Garðar Jökulsson. Sýningunni lýkur á morgun. Afmælishátíð kl.14 sunnudag.
Hótel Örk
22 myndhöggvarar. Sýningunni lýkur á morgun.
Eden Hveragerði
Markús Sigurðsson sýnir til 13. sept.
Menningarmiðst./Eyrarbakka
Harry Schemm. Sýningunni lýkur á morgun.

TÓNLIST

Lau. 11. sept. Oddakirkja Rangárvöllum, orgelleikarinn Wolfgang Tretzsch kl. 15. Ljóðatónleikar Gerðubergs, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Jónas Ingimundarson píanó og Sigurður Ingi Snorrason klarinett, kl. 17. Langholtskirkja, óperan Orfeo kl. 20.30.
Sun. 12. sept. Dómkirkjan, orgelleikarinn Wolfgang Tretzsch kl. 17. Hafnarborg, Þuríður Baxter og David Knowles Játvarðsson pianóleikari kl. 20.30. Laugarneskirkja, samleikur á gítara, Lárus Sigurðsson og Arngeir H. Hauksson kl. 20.
Mán. 13. sept. Ljóðatónleikar Gerðubergs með Diddú endurteknir kl. 20.30.
Þri. 14. sept. Sinfóníuhljómsveit Íslands. Kvikmyndatónleikar. Stjórnandi Carl Davis.

LEIKLIST

Borgarleikhúsið
Spanskflugan eftir Arnold og Bach, frums. fös. 17. sept. kl. 20., 2. sýn. laug. 18. sept. kl. 20.
Þjóðleikhúsið
Ferðalok eftir Steinunni Jóhannesdóttur, frums. laug. 18. sept. kl. 20.30., önnur sýn. sun. 19. sept. kl. 20.30.
Júlía og Mánafólkið
Barnaleikrit í Héðinshúsinu.
„Fiskar á þurru landi“
Pé-leikhópurinn í Íslensku óperunni, fös. 10. sept. kl. 20.30., laug. 11. sept. kl. 20.30. fid. 16. sept. kl. 20.30.
Leiklistarklúbbur Tónabæjar
„Fullorðinssagan um Lísu í Undralandi“, laug. 11. sept. kl. 20.30., sun. 12. sept. kl. 20.30. þri. 14. sept. kl. 20.30., mið. 15. sept. kl. 20.30., fös. 17. sept. kl. 20.30.

KVIKMYNDIR

MÍR
„Tsjajkovskíj“ sun. 12. sept. kl. 16.
Hreyfimyndafélagið
Sýn. á þrd. kl. 9, fid. kl. 5 og helgarsýn. á föst. kl. 9.
Umsjónarmenn listastofnana og sýningarsala!
Upplýsingar um listviðburði sem óskað er eftir að birta í þessum dálki verða að hafa borist **bréflega** fyrir kl. 16 á miðvikudögum. Merkt: Morgunblaðið, menning/listir, Kringlan 1, 103 Rvk. Myndsendir: 91-691222.